



Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps fimmtudaginn 7. apríl 2014 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Herdís Erna Matthíasdóttir og Vilberg Þráinsson í forföllum Egils Sigurgeirssonar. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka tvö mál inn undir liðnum önnur mál, var það samþykkt samhljóða, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1402022 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum, efnistaka og frístundabyggð í landi Kirkjubóls.

Umsögn Umhverfisstofnunar 28. mars 2014.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að lóðin ætti ekki að fara inn á svæði sem er verndað með lögum nr. 53/1995, en tilgangur laganna er að vernda landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarminjar svæðisins. Nefndin telur að með afmörkun deiliskipulagsins sé verið að tryggja verndun svæðisins eins og fram kemur í greinargerð með deiliskipulaginu.

Athugasemd vegna frístundasvæðis í landi Kirkjubóls, nefndin tekur undir þær athugasemdir Umhverfisstofnunar að vernda náttúrulega birkiskóga og kjarrvaxna staði og verður tekið tillit til þess í greinargerð um skipulagið, þannig að byggingareitir verði ekki inni í birkiskógum eða kjarri.

Skipulagsfulltrúa falið að leita heimildar Skipulagsstofnunar til auglýsingar á breyttu aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

2. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, þéttbýlið á Reykhólum, útivistarsvæði og Sjávarböð.

Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa deiliskipulagstillöguna samhliða auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi 2006-2018.

3. 1211001 – Deiliskipulag þéttbýlið Reykhólar, Hellisbraut.

Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa deiliskipulagstillöguna.

4. 1402013 – Lóð í Flatey.

Erindi frá Indriða Indriðasyni dagsett 6. mars 2014, þar sem farið er fram á afrit af gögnum vegna lóðar í Flatey.

Nefndin felur skipulagsfulltrúa að svara erindinu.

Mál til kynningar:

1. 1401008 – Hafnarreglugerð fyrir Reykhólahafnir.

Svar Vegagerðarinnar dagsett 1. apríl 2014 við erindi sveitarstjóra.

Lagt fram og kynnt.

5. 1403008 – 364. fundur stjórnar Hafnasambands Íslands.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

6. 1404012 – Samþykkt um búfjárhald í Reykhólahreppi, breytt samþykkt skv. lögum 38/2013 um búfjárhald.

Lögð fram breytt samþykkt um búfjárhald í Reykhólahreppi vegna breytingar á lögum um búfjárhald 38/2013. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykktin verði send atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.

7. 1304040 – Starfsmannaaðstaða vegna Hótel Flatey og fl.

Erindi frá Minjavernd dagsett 5. apríl 2014.

Lagt fram.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____